

varnarlaun í hjerði, 4 kr., og málflytningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, af almannaþje.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Rögnvaldur Guðmundsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til kand. Gríms Jónssonar, 4 krónur, og málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflytningsmannana Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af almannaþje.

Nr. 1/1892:

Rjettvísín  
gegn  
Guðna Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 1. ágústm. f. ár, var hinn ákærði Guðni Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð á fundnu þje til að þola 20 vandarhagga refsingu með hliðsjón af 235., 37. og 30. gr. alm. hegningarlaga, eins og komizt er að orði í dóminum, svo og til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir norð-ur- og austuramtinu skotið til yfirjettarins.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins á-

kærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann hafi fundið peningabuddu á bæjarstjettinni hjá Svinaskálastekk í janúarmán. f. á., og var í buddunni 1 og  $\frac{1}{2}$  enskt pund, og gamall danskur 12-skildingur. Penna gamla pening seldi hann, en  $\frac{1}{2}$  punds peninginn gaf hann. Fjell þá grunur á hann um, að hann hefði komizt ófrómlega að peningunum, og var þeim síðan skilað aptur. Buddunni, sem peningarnir voru í, hafði hinn ákærði kastað. Eigandi peninganna var á Svinaskálastekk og sat þar að spilum, þegar peningarnir hurfu honum, og tjáir hann, að vel geti verið, að peningabuddan hafi hrokkið upp úr vasa hans.

Skömmu áður en þetta var, eða í fyrra haust, hefur Guðni, eptir hans eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu, tekið úr ólæstu púlti í Teigagerði peningabuddu með rúmum 18 kr., og sömuleiðis tók hann þar nokkrar knallhettur. Peningabudduna með peningunum tók bróðir Guðna af honum, og hefur hún komizt til skila. Um sama leyti eða skömmu síðar (litlu fyrir jól 1890) tók Guðni vindlaveski úr yfirfrakka á Studlum, en það var síðar tekið af honum, og var því svo skilað aptur. Það hefur verið talið 4 kr. virði. Aptur á móti er það eigi sannað, að Guðni hafi gjört sig sek-an í þjófnaði eða annarri óráðvendni í Eyjum, þegar hann var þar gestkomandi veturinn 1889—1890.

Ákærði Guðni Jónsson er fæddur 8. nóv. 1878, og var því að eins 12 ára eða kominn á 13 árið, er hann framdi ofanefnd afbrot. Eptir skýrslu svaramanns hans, sem og er sóknarprestur hans, er pilturinn framfús og tápmikill, en uppeldi hans hefur verið vanrækt, og skýrir presturinn frá, að hann hafi eigi næma rjettarmeðvitund, og að honum hafi eigi verið ljós ljótleiki



misverknaðarins«. Samkvæmt 37. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 verður hinn ákærði eigi dæmdur til refsingar fyrir ólögmæta meðferð á peningabuddunni og peningunum, sem hann fann, en þar á móti verður að refsa honum fyrir þjófnað þann, sem hann hefur gjört sig sekan í. Refsingin fyrir tjeð misferli ákvedst 10 vandarhögg samkvæmt 235. og 30. sbr. 63. gr. hegningarlaganna. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af sök þessari gegn honum, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákvedast 10 kr. fyrir hvorn. — Um iðgjöld er eigi að ræða í málinu, því að mestmegnis hefur þýfinu verið aptur skilað, og að öðru leyti hefur endurgjalds ekki verið krafizt. Það þykir ekki ástæða til þess að víta undirdómarann fyrir það, að hann setti hinn ákærða í gæzluvarðhald stund úr degi, enda hefur dómarrinn upplýst, að heitt og bjart hafi verið í fangakompunni, og fangavörðurinn hafi verið í næsta herbergi í fangahúsinu, meðan ákærði var í varðhaldinu, — nje heldur fyrir það, að hann bar eigi málið undir úrskurð landshöfðingja samkv. niðurlaginu í 37. grein hengingarlaganna, áður en hann ljét það ganga til dóms. Og þó nokkur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins, og hún hafi eigi verið nálægt því svo ýtarleg og nákvæm, sem kostur var á og æskilegt hefði verið, er þó eigi alveg fullnæg ástæða til að láta hjeraðsdómarann sæta sektum fyrir meðferð hans á sök þessari. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðni Jónsson sæti 10—tíu—

vandarhagga refsingu, og greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1891:

Guðmundur Gunnarsson  
 gegn  
 Ingjalði Sigurðssyni og  
 Erlendi Guðmundssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Guðmundi Gunnarssyni fyrrum bónda á Möðruvöllum í Kjós gegn eigendum nefndrar jarðar, Ingjalði Sigurðssyni og Erlendi Guðmundssyni, til skaðabóta fyrir það, að þeir hafi án lög-mætra orsaka byggt honum út af nýnefndri jörð. Mál þetta var dæmt í hjeraði 17. október 1891 með þeim úrslitum, að hinir stefndu voru dæmdir sýknir af kær-um og kröfum stefnandans, en honum gjört að greiða þeim í málskostnað 60 kr.

Þessum dómi hefur Guðmundur Gunnarsson áfrýj-að til landsyfirdómsins með stefnu dags. 14. nóv. f. á. og krafizt:

1. Að undirrjettardómnum verði hrundið og breytt þannig, að hinir stefndu verði dæmdir til báðir fyrir einn og einn fyrir báða, eða stefndi Erlend-ur einn, að greiða áfrýjandanum allt að 200 kr.